



Herra Gunnar Sverrisson

Bæjarstjóri í Garðabæ

Plokk á Íslandi er hópur einstaklinga sem bera virðingu fyrir umhverfinu og hafa það sem áhugamál að fara um illa hirt svæði og þrífa þar upp plast, pappa og annað rusl sem fallið hefur til frá íbúum, framkvæmdum eða þungaflutningum innan marka sveitarfélaga, á girðingum og í skurðum á víðavangi og síðast en ekki síst við strendur landsins. Hópurinn á sérsvæði á Facebook og telja meðlimir hans rúmlega 5000 manns. Þar deila meðlimir sigrum og áskorunum í umhverfismálum og þar hvetja meðlimir hvor aðra til dáða og birta myndir af rusli sem tekið hefur verið úr náttúrunni og fært á viðeigandi stofnanir.

Plokk á Íslandi stóð fyrir miklum Plokkdegi á Degi jarðar í fyrra sem tókst mjög vel. Hann var skipulagður með 10 daga fyrirvara en tekið var til og rusl týnt í öllum sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins. Mörg hundruð svartir ruslapokar skiluðu sér á stöðvar Sorpu í enda Plokkdagsins.

Dagur jarðar lendir á páskum í ár og því hefur verið ákveðið að boða til stóra Plokkdagsins í ár sunnudaginn 28. apríl nk. Plokk á Íslandi ætlar að beina sjónum sínum að Reykjanesbrautinni í ár og umhverfi hennar. Reykjanesbrautinni verður skipt upp í svæði og vaktir til að reyna að ná sem mestum árangri en við hana hvílir gríðarlega mikið magn af plasti og pappa hverskonar sem þarf að komast á viðeigandi stofnun.

Reykjanesbrautin er heimreið höfuðborgarinnar og hana aka mörg þúsund erlendra gesta og Íslendinga alla daga ársins. Um leið þverar hún öll stóru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og það er von plokka landsins að sveitarfélögin sláist í hópinn og leggi deginum lið með hverjum þeim hætti sem þau telja mögulegt.

Á sama tíma og nærumhverfi Reykjanesbrautarinnar verður þrifið með þessum hætti þá erum við um leið að minna vegfarendur brautarinnar, sem skipta hundruðum ef ekki þúsundum á hverjum klukkutíma, á það að allir geta plokkað og allir geta tekið þátt í að gera umhverfið og heiminn betri.

Það hefur verið aðdáunarvert að sjá unga fólkið í landinu vakna af krafti til meðvitundar um stöðu loftslags- og umhverfismála og það er von okkar að þau dragi foreldra sína og aðra ættingja með sér út þennan dag og taki þátt. Margt smátt gerir eitt risastórt.

Vaktirnar á Stóra plokkdeginum yrðu frá

- 10:00 til 12:00

- 12:00 til 14:00
- 14:00 til 16:00
- 16:00 Plokkdags lok og gleði

Þannig er hugmyndin að skipta brautinni upp í svæði

- Reykjanesbær svæði 1-5
- Vogar svæði 1-3
- Hafnarfjörður svæði 1-3
- Garðabær svæði 1-2
- Kópavogur svæði 1-3
- Reykjavík svæði 1-3

Plokk á Íslandi leggur til hópstjórn og skipuleggur ut anumhald á deginum og sér um alla kynningu og markaðsstarf sem verður öflugt.

Með þessu bréfi frá Plokk á Íslandi komum við á framfæri óskum um stuðning sveitarfélagsins við verkefnið á þrjá vegu:

- Með því að kynna Plokk daginn á sínum miðlum og í sínu nærumhverfi í gegnum skólana og aðrar gáttir sem færar eru
- Með því að afhenda íbúum plastpoka og önnur tæki og tól sem henta til verksins
- Með 300.000,- krónu fjárframlagi til að koma á mótis við markaðsstarf og annan kostnað í kringum Stóra plokk daginn



Fh. Plokk á Íslandi,
Einar Bárðarson